

81. fundur hjá veitustjórn Bláskógaveitu, haldinn í Aratungu þann 8. nóvember 2017, klukkan 16:00.

Mættir eru: Kjartan Lárusson, formaður, Axel Sæland, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Benedikt Skúlason veitustjóri, Valtýr Valtýsson og Bjarni Daníelsson sem ritaði fundargerð.

Efni fundar:

1. Umsóknir um inntök á heitu og köldu vatni

Nafn kennitala staður umsókn

Jón Harry Njarðarson kt. 160867-4779, Brattholt 801, kalt fyrir 4 íbúðarhús, 35 herbergja hótél, hesthús og fleira. Fyrir liggur gróft kostnaðarmat fyrir tengingar í Brattholt og Gullfoss. Ákveðið er að kynna fyrirbyggjandi kostnaðarmat til umsóknaraðila áður en lengra er haldið.

Svavar Njarðarson kt. 290771-3909, Gullfossi 801, kalt fyrir 3.000 m³ húsnæði. Fyrir liggur gróft kostnaðarmat fyrir tengingar í Brattholt og Gullfoss. Ákveðið er að kynna fyrirbyggjandi kostnaðarmat til umsóknaraðila áður en lengra er haldið.

HS Orka kt. 680475-0169, Brú(brúárvirkjun), 801, vinnubúðir. Komið í ferli að stofna lóð og veita byggingaleyfi. Beðið eftir fastanúmeri. Ákveðið að innheimta hálf tængigjald miðað við sverleika lagnar.

2. Bókun fundar sveitarstjórnar.

"3.4. 80. fundur veitustjórnar Bláskógaveitu.

Fundargerð samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn bendir á að þau verkefni sem kalla á aukaútgjöld og hefur ekki verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þarf að skoða nánar."

Það eru nokkrir liðir í 80. fundargerð sem þessi bókun snertir þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlunum.

„álestur leiðir til framtíðar“. Farið verður í átaksverkefni til að hnitsetja alla veitumæla og koma í gagnagrunn sem nýtist til framtíðar við álestur. Vísað til fjárhagsáætlunar Bláskógaveitu 2018.

„Kaup á gps tæki“. Tækið mun nýtast meðal annars við skráningu lagna og veitumæla. Ákveðið er að vísa til Framvæmda- og veitusviðs sem gerir ráð fyrir kaupum á gps tæki í fjárhagsáætlun 2018.

3. Verkefni til fjárhagsáætlunar.

Rætt um þau verkefni til reksturs og nýframkvæmda hjá framkvæmda- og veitusviði. Sviðsstjóra og veitustjóra falið að vinna tillögu að fjárhagsáætlun til fjögurra ára.

4. Drög að samningi við Skógræktina um vatnsból í Fljótsbotnum.

Lögð fram drög að samningi við skógræktina og samþykkt að senda skógræktinni drögin til yfirferðar og kalla eftir afstöðu þeirra.

5. Önnur mál,

Framhald af umræðu um ósk um aðgang að slökkvivatni vegna Brúarvirkjunar:
Sviðsstjóri fór yfir stöðu mála.

Undirbúningur að samningi um lagnaleiðir:

Sviðsstjóra falið að undirbúa samninga um lagnaleiðir fyrir alla þá landeigendur sem hlut eiga að máli.

Samningar við Mennta- og menningamálaráðuneytið:

Málið er í bið hjá Menntamálaráðuneytinu en áhersla er lögð á að samningar verði kláraðir fyrir áramót 2017/18.

Ekki fleira tekið fyrir á fundinum. Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:39

Þórunn Þorvaldsdóttir
Þórunn Þorvaldsdóttir
Axel Soland
Benedikt Ghíslan
Zjannur D. D. D.
Ólafur Ólafsson